

AKSTURS – OG SKOTÆFINGASVÆÐI Í KAPELLUHRAUNI, HAFNARFJARÐARBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbygging aksturs – og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni, Hafnarfjarðarbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur ljóst að að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa töluverð neikvæð áhrif á jarðmyndanir og gróður vegna umfangsmikils rasks. Hins vegar hefur nú þegar verið raskað og fyrirhugað er að raska mun stærra svæðum í Kapelluhrauni vegna uppbyggingar iðnaðar- og íbúðarsvæða. Skipulagsstofnun telur að allar forsendur séu fyrir hendi til þess að að unnt sé að tryggja að hljóðstig í íbúðar- og iðnaðarhverfum, sem fyrirhugað er að reisa í Kapelluhrauni, verði undir viðmiðunarmörkum reglugerðar eftir að starfsemi er hafin á aksturssvæðinu.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 og deiliskipulag af svæðinu sem hefur verið samþykkt. Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Hafnarfjarðarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 18. nóvember 2008.

17. október 2008

INNGANGUR

Þann 13. ágúst 2008 tilkynnti Hafnarfjarðarbær um gerð aksturs – og skotæfingsvæðis í Kapelluhrauni til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hafnarfjarðabæ með bréfi dags. 4. september 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 2. september 2008, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar – og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 29. ágúst 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10 október 2008. Svar barst frá Hafnarfjarðabæ með tölvupósti dags. 13. október 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að byggja upp aksturs – og skotæfingsvæði með það að markmiði að sameina á einum stað fjölbreytta aðstöðu og æfingsvæði fyrir aksturs-, vélhjóla- og skotíþróttir. Fyrirhugaðar framkvæmdir felast í gerð akstursvæðis og ökugerðis ásamt brautum, bílastæðum og íþróttahúsi. Ökugerði og kennslubrautir verða í samræmi við ákvæði reglugerðar um ökugerði og kappakstursbrautir og alþjóðlega öryggisstaðla til að tryggja öryggi allra sem að keppnum koma.

Ökukennslu - og æfingsvæði. Fram kemur að svæðið verði tæplega 40.000 m² á stærð og feli í sér gerð nokkurra mislangra brauta og í mismunandi útfærslum sem séu til þess fallnar að bjóða upp á æfingaakstur við fjölbreytt akstursskilyrði. Á svæðinu sé jafnframt gert ráð fyrir stjórnstöð fyrir ökukennslu og bílastæði fyrir tæplega 100 bifreiðir.

Akstursíþróttir – bifreiðar. Fram kemur að svæðið verði rúmlega 150.000 m² að stærð og feli í sér gerð kvartmílubrautar, hringakstursbrauta, go-kart brautar og brautar fyrir sandspyrnu auk stjórnstöðvar, þjónustuhúss, félagsheimilis og um 430 bílastæða.

Akstursíþróttir – vélhjól, motokross. Fram kemur að svæðið verði rúmlega 93.000 m² og sé gert ráð fyrir tveimur malarbrautum ásamt braut fyrir ísakstur. Bílastæði verði sameiginleg með svæði fyrir bifreiðaíþróttir.

Fram kemur að efni muni þurfa í 2-7 m háar jarðvegsmanir sem reistar verði til að draga úr hávaða frá starfseminni. Efni í manirnar muni koma frá framkvæmdum innan skipulagssvæðisins og öðrum framkvæmdum innan Hafnarfjarðar en ekki verði tekið efni úr opnum námum eða nýjar námur opnaðar vegna verksins.

Gert er ráð fyrir að uppbygging svæðisins verði í fjórum áföngum og að framkvæmdir við hvern áfanga verði óháðar hverri annari.

Áhrif á landnotkun. Fram kemur að gert sé ráð fyrir iðnaðarsvæði samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025 norðan og austan fyrirhugaðs aksturssvæðis

en að vestan sé gert ráð fyrir blönduðu iðnaðar- og þjónustusvæði. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé nú til staðar kvartmílubraut með tilheyrandi mannvirkjum og skotæfingsvæði.

Áhrif a hljóðvist. Fram kemur að líklega séu mestu og neikvæðustu umhverfisáhrifin, sem muni fylgja starfsseminni, hávaði og ónæði. Á framkvæmdatíma sé ekki ástæða til þess að hafa áhyggjur vegna hávaða, þar sem uppbygging á svæðinu muni að mestu leyti fara fram á svipuðum tíma og uppbygging á iðnaðarsvæðunum í kring. Fram kemur að gerð hafi verið hljóðvistargreining til þess að greina áhrif af starfsseminni á nærliggjandi svæði og í ljósi niðurstaðna hugað að mótvægisáðgerðum. Ákveðinn fyrirvari sé gerður um forsendur greiningarinnar, m.a. vegna fyrirhugaðra bygginga á skipulögðum iðnaðarsvæðum í nágrenninu og hönnun Ofanbyggðarvegar með væntanlegum hljómönnum. Í útreikningunum hafi verið gert ráð fyrir hámarksnotkun á svæðinu í 3 klst. seinni part dags (16 – 19). Miðað sé við reglugerð um hávaða 933/1999 auk danskra og sænskra viðmiða, sem taki sérstaklega mið af hávaða frá aksturssvæðum. Niðurstöðurnar sýni að ákvæði reglugerðar um hávaða séu uppfyllt fyrir hverja starfsemi fyrir sig, jafngildishávaði yfir sólarhring fari hvergi yfir mörk sem þar séu sett. Þó sé ljóst að motokrossæfingar og keppni geti valdið hávaða á væntanlegum íbúðasvæðum sem séu yfir dönsku viðmiðunargildunum, bæði með og án mótvægisáðgerða og á iðnaðarsvæðunum sunnan við aksturssvæðið. Þá geti hljóðstig í blandaðri byggð vestan við fyrirhugað aksturssvæði orðið 50-55 dB(A).

Framkvæmdaraðili bendir á að í hljóðstigsútreikningum sé reiknað með hæsta mögulegu hljóðstigi en þær aðstæður muni ekki koma upp eftir að starfsemi verði hafin. Þá liggur fyrir að unnt er að haga endanlegu skipulagi byggðar og uppbyggingu með þeim hætti að hljóðstig á skipulagssvæðum verði lægra en útreikningar geri ráð fyrir.

Fram kemur að Hafnarfjarðarbær muni standa fyrir raunmælingum á hávaða frá aksturs- og skotæfingasvæðinu og verði niðurstöður þeirra nýttar til að leiðbeiningar um hönnun og fyrirkomulag hljóðvarna. Það sé skýrt markmið Hafnarfjarðarbæjar að tryggja að hávaði fari ekki yfir viðmiðunarmörk á öllum svæðum í nágrenni aksturs- og skotæfingasvæðisins.

Áhrif á jarðmyndanir og gróður. Fram kemur að neikvæð áhrif á jarðmyndanir og gróður muni felast í röskun á ósnortnum hraunum sem eru allvel gróin, vegna landmótunar og tilflutningi á efni inn á svæðið. Fyrirhugaðar framkvæmdir muni raska um 150-200.000 m² af ósnortnu hraunasvæði sem njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 en hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis hafi nú þegar verið raskað. Fram kemur að reynt verði að koma þeim mannvirkjum sem verði á óröskuðum svæðum þannig fyrir að fjölbreyttustu hraunflákarnir verði innan hverfisverndarsvæðis sem skilgreint sé í deiliskipulagi aksturs- og skotæfingasvæðisins.

Sjónræn áhrif. Fram kemur að breytingar verði á náttúrulegu landslagi á þeim hluta svæðisins sem einkennist af óröskuðu hrauni, en hafa beri í huga að umhverfis fyrirhugað aksturssvæði sé gert ráð fyrir iðnaðarsvæði og svæði fyrir blandaða landnotkun samkvæmt skipulagi. Fyrirhugaðar byggingar á iðnaðarsvæðinu muni líklega skyggja á svæðið og loka á sjónlínur til þess frá Krýsuvíkurvegi og úr byggð.

Í tengslum við framkvæmdina verði reistar allt að 10 m háar manir við motokrossbrautirnar til að draga úr hávaða og muni sjónræn áhrif þessara mana verða töluvert neikvæð.

Áhrif á grunnvatn. Fram kemur að hætta sé á því að grunnvatn mengist ef umgengni við spilli-, úrgangs-, eða hættuleg efni verði ábótavant og þau berist út í gljúpt hraunið og í grunnvatnsstrauma sem liggja frá Kaldárbotnum út í Straumsvík og Hraunavík. Starfsemi á aksturs- og skotæfingasvæðum sé starfsleyfis skyld í samræmi við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999. Ekki séu áform um að eldsneyti, hættuleg efni eða spilliefni verði að jafnaði geymd á svæðinu nema í mjög litlum mæli og ef þörf þykir verði sett ákvæði um umgengisreglur og frágangskröfur vegna geymslu slíkra efna í starfsleyfi. Gerð verði krafa til verktaka að á meðan á framkvæmdum standi verði viðhafðar mengunarvarnir í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Ákvæði um slíkt verði sett framkvæmdaleyfi sem Hafnarfjarðarbær gefur út. Loks má geta þess að afrennsli frá brautum og húsum verður tengt við frárennsliskerfi bæjarins. Framkvæmdaraðili telur fullvíst að með framfylgd starfsleyfisákvæða um mengunarvarnir sé hætta á því að mengun berist í grunnvatn lágörkuð.

Áhrif á loft. Fram kemur að loftmengun geti stafað frá útblæstri vinnutækja og síðar ökutækja sem nýti sér aksturssvæðið auk foks frá malarbrautum en áhrif á loftgæði verði staðbundin. Jarðvegsmanir eigi að stöðva hugsanlegt fok frá brautum að mestu til suðurs og vesturs og einnig verði yfirborðsefni valið með tilliti til þess að það rjúki ekki mikið úr því, auk þess sem til standi að hafa vökvunarbúnað við motokrossbrautirnar.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að nokkuð sé um fornminjar innan deiliskipulagssvæðisins en endanleg staðsetning brauta verði með þeim hætti að allar skráðar fornminjar verði innan skilgreinds hverfisverndarverndarsvæðis skv. deiliskipulagi og tryggt verði að þeim verði hvorki raskað á framkvæmdatíma né vegna fyrirhugaðrar starfsemi.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að gerð aksturs- og skotæfingasvæðisins sé í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005 – 2025, en samkvæmt því sé svæðið innan 80 ha svæðis sem skilgreint sé sem „opið svæði til sérstakra nota“, nánar skýrt sem akstursíþróttasvæði. Þá hafi verið gert deiliskipulag af svæðinu sem samþykkt hafi verið í bæjarstjórn 2. september sl.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfiáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji líkur á að framkvæmdin kunnist að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á hljóðvist. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að í framlögðum gögnum Hafnarfjarðarbæjar komi fram að jafnaðarhljóðstig fyrir akstur torfæruhjóla geti orðið

50-65 dB(A) fyrir aðliggjandi íbúðarsvæði en viðmiðunarmörk fyrir slík svæði séu 55 dB(A) skv. ákvæðum nýrrar reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Þegar 7 metra hárrí hljóðmön með 3ja metra háum vegg sé prófuð sem mótvægisáðgerð sé hljóðstig ennþá yfir 55 dB(A) viðmiðunarmörkunum á íbúðarsvæði sunnan við aksturssvæðið. Tilvist margra brauta fyrir aksturíþróttir á sama svæði leiði einnig til sammögnunaráhrifa. Inni á framkvæmdasvæðinu séu hverfisvernduð svæði sem liggja að fyrirhuguðum brautum fyrir torfæruhjól en engar hljóðvarnir séu áætlaðar til að bæta hljóðvist á þeim svæðum sem skerði mjög útivistargildi þeirra. Í ljósi ofangreinds telur Umhverfisstofnun að aksturs- og skotæfingasvæðið muni hafa umtalsverð áhrif á hljóðvist fyrrgreindra svæða.

Áhrif á jarðmyndanir og sjónræn áhrif. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að hlífa ætti hraunjaðri, sem liggja að núverandi kvartmílubraut, við raski en jaðarinn setji mjög sterkan svip á svæðið og auki útivistagildi hverfisvernduðu svæðanna. Þar sem hljóðmanir virðast ráðgerðar við hraunjaðarinn sé æskilegt að þær falli sjónrænt vel við hraunið og valdi sem minnstu raski á því. Að öðru leyti ætti að haga framhæmdum við braut fyrir torfæruhjól og útfærslu brauta þannig að sem minnstur skaði verði á hraunmyndunum og sprungum.

Framkvæmdaraðili gerir ekki athugasemdir við umsögn Umhverfisstofnunar.

Áhrif á núverandi landnotkun. Í umsögn Hafnarfjarðarbæjar er bent á að jákvæð umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda felist í bættri aðstöðu fyrir þann hóp sem muni nýta svæðið og með góðri skipulags- og hönnunarvinnu ásamt virkum mótvægisáðgerðum megi draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum svo þau verði ekki veruleg.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins telur að fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og gripið hafi verið til fullnægjandi mótvægisáðgerða.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða uppbyggingu aksturs – og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. Helstu framkvæmdaþættir eru gerð akstursvæðis fyrir bifreiðir og vélhjól og æfingasvæðis fyrir ökukennslu ásamt gerð bílastæða og byggingu íþróttahúss. Hluti framkvæmdarinnar, þ.e. aksturssvæðið er tilkynningarskyldur til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Áhrif á hljóðvist. Fyrir liggur að umhverfis fyrirhugað aksturs- og skotæfingasvæði er gert ráð fyrir iðnaðarsvæðum og svæði fyrir blandaða byggð samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025. Fjær svæðinu að sunnan er síðan gert ráð fyrir íbúðarsvæðum. Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar muni felast í hávaða frá starfsemi. Samkvæmt hljóðvistargreiningu virðist liggja fyrir að hljóðstig á einhverjum hluta fyrirhugaðra iðnaðar- og íbúðarsvæða geti farið yfir viðmiðunarmörk, jafnvel þegar gert er ráð fyrir umfangsmiklum hljóðmönnum. Skipulagsstofnun telur ljóst að Hafnarfjarðarbær þurfi að sjá til þess að hljóðstig í íbúðar- og iðnaðarhverfum verði undir

viðmiðunarmörkum nýrrar reglugerðar um hávaða eftir að starfsemi er hafin á aksturssvæðinu og telur allar forsendur vera til þess að unnt sé að tryggja að svo verði. Stofnunin telur í því sambandi að raunmæling á hávaða frá aksturssvæðinu sé nauðsynlegur grundvöllur til þess byggja á og í framhaldinu sé hægt að haga skipulagi byggðar og uppbyggingu sem og gerð hljóðvarna með þeim hætti að hljóðstig á skipulagssvæðunum verði undir viðmiðunarmörkum. Skipulagsstofnun getur hins vegar tekið undir þá ábendingu í umsögn Umhverfisstofnunar að eðli fyrirhugaðrar starfsemi komi til með að takmarka töluvert útivistargildi þeirra svæði sem njóta hverfisverndar í næsta nágrenni við aksturssvæðin.

Áhrif á jarðmyndanir, gróður og sjónræn áhrif. Fyrir liggur að allt að 200.000 m² af óröskuðu, mosagrónu hrauni raskast vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Hafnarfjarðarbær gerir ráð fyrir að fjölbreyttustu hraunflákarnir innan deiliskipulagssvæðis aksturs- og skotæfingasvæðisins njóti hverfisverndar og eru svæðin skilgreind sem slík. Skipulagsstofnun telur ótvírætt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa töluvert neikvæð áhrif á jarðmyndanir og gróður vegna svo umfangsmikils rasks. Hins vegar er ljóst að nú þegar hefur verið raskað og fyrirhugað er að raska mun stærri svæðum í Kapelluhrauni vegna uppbyggingar iðnaðar- og íbúðarsvæða. Skipulagsstofnun vill benda á að hlífa ætti hraunjaðri, sem liggur að núverandi kvartmílubraut, við raski eins og Umhverfisstofnun vekur athygli á í umsögn sinni. Stofnunin telur að fyrirhugaðar hljóðmanir verði sá hluti framkvæmdanna sem verður mest áberandi en miðað við staðsetningu svæðisins í miðju iðnaðarhverfi er ekki líklegt að sjónræn áhrif verði verulega neikvæð.

Áhrif á grunnvatn og loft. Fyrir liggur að grunnvatnsstraumar frá Kaldárbotnum út í Straumsvík og Hraunavík liggja um svæðið. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að mengun vegna fyrirhugaðrar starfsemi komi til með að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn en leggur áherslu á mengunarvarnir í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sem er starfsleyfisveitandi. Skipulagsstofnun telur að draga megí úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum vegna rykmengunar með því að vökva markvisst akstursbrautirnar eins og framkvæmdaraðili fyrirhugar, auk þess sem fyrirhugað sé að velja efni í yfirborð brauta m.t.t. þess að sem minnst ryk berist frá þeim við keppni.

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila og Umhverfisstofnun að jákvætt geti verið að útbúa sérstök svæði fyrir akstursípróttir með því markmiði m.a. að draga úr líkum á akstri utan vega á torfæruökutækjum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hafnarfjarðarbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbygging aksturs- og skotípróttasvæðis í Kapelluhrauni, Hafnarfjarðarbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 og deiliskipulag af svæðinu sem hefur verið samþykkt. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits

Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Hafnarfjarðarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 18. nóvember 2008.

Jakob Gunnarsson

Rut Kristinsdóttir

